1901293

**From:** Samband íslenskra sveitarfélaga
**Sent:** miðvikudagur, 15. mars 2023
**Subject:** Innleiðing heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum – könnun á stöðu vegna skýrslu til Sameinuðu þjóðanna

**Til allra sveitarstjórna**

Meðfylgjandi sendist bréf til allra sveitarstjórna um innleiðingu heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum og hvatningu um að **öll sveitarfélög svari fyrir 31. mars nk.** könnun í tilefni af skýrslugerð Íslands til Sameinuðu þjóðanna í júlí nk. Þess er farið á leit að bréfið verði sett á dagskrá fundar sveitarstjórnar og að þessi kynningarmyndbönd verði sýnd á fundinum.

Það tekur um 10 mínútur að svara könnuninni. Óskað er eftir svörum frá öllum sveitarfélögum óháð því hvort þau hafi tekið formlega ákvörðun um að vinna að innleiðingu markmiðanna eða ekki. Aðeins skal senda eitt svar frá hverju sveitarfélagi. Mælt er með því að starfsmaður, sem hefur umsjón með heimsmarkmiðavinnunni, sjái um að taka saman svör en ef slíkum starfsmanni er ekki til að dreifa hafi framkvæmdastjóri/oddviti sveitarfélagsins umsjón með svörun.

Könnunin er aðgengileg á ÞESSARI slóð og meðf. er einnig QR-kóði fyrir könnunina.

Þá er hér skráningarhlekkur á kynningarfund um innleiðingu sveitarfélaga á heimsmarkmiðunum sem sambandið mun standa fyrir á Teams 29. mars nk. frá kl. 09:00-10:00

Bestu kveðjur, Karl Björnsson

**Karl Björnsson**
framkvæmdastjóri
Netfang: karl.bjornsson@samband.is

**Samband íslenskra sveitarfélaga**
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is